

STJÓRNARTÍÐINDI B 65 – 1992

13. nóvember 1992

815

Nr. 407

REGLUGERÐ

um útflutningsleyfi o.fl.

1. gr.

Vöruútflutningur skal vera frjáls nema kveðið sé á um annað í lögum eða öðrum reglugerðum. Þó skal útflutningur á vörum sem taldar eru upp hér á eftir vera háður leyfi utanríkisráðuneytisins:

Tollskrárnúmer	Vörutegund
0301	Lifandi fiskur
0302	Fiskur, nýr eða kældur, þó ekki fiskflök og annað fiskkjöt í nr. 0304
0305.2001	Grásleppuhrogn, söltuð

2. gr.

Ekki þarf leyfi til að flytja úr landi sýnishorn sem eru ætluð til kynningar á viðkomandi vöru. Sama gildir um gjafir og póstsendingar að sama verðmæti og gildir um tollfrjálsan innflutning ferðamanna.

3. gr.

Ráðuneytið getur bundið útflutningsleyfi skilyrðum sem nauðsunleg þykja, þ. á m. um sölukjör, lánskjör, meðferð skjala o.fl.

Ráðuneytið getur krafist þess að útflytjendur veiti upplýsingar um allt er varðar sölu og útflutning vara sem seljast eiga til útlanda, svo sem um verð, umboðslaun o.s.frv. Ennfremur að lagðir séu fram endanlegir sölureikningar eða önnur gögn yfir vöru sem flutt var út í umboðssölu.

4. gr.

Starfsmönnum ráðuneytisins sem veita viðtöku upplýsingum frá útflytjendum skv. 3. gr. er óheimilt að skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þar kemur fram og leynt á að fara. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi, sbr. 32. gr. laga nr. 38/1954.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 2. gr. laga nr. 4/1988 um útflutningsleyfi o.fl. og öðlast gildi 1. janúar 1993. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 27/1988 um útflutningsleyfi o.fl.

Utanríkisráðuneytið, 13. nóvember 1992.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.